

Landgræðsla ríkisins  
Gunnarsholti  
851 Hella

Reykjavík, 28. október 2021  
UST202110-212/Þ.V.B.  
09.07.01

### **Umsókn um leyfi til framkvæmda - Dimmuborgir - skólphreinsivirki við Þjónustuhús**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Landgræðslu ríkisins, dagsett 22. október 2021, um leyfi til framkvæmda innan Dimmuborga.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Landgræðslu ríkisins, Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að koma fyrir 20.000 lítra safntanki/skólphreinsivirki norðaustan við Þjónustuhús í Dimmuborgum. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu fylgdi með umsókn. Á svæðinu er rotþró og svæðið því raskað fyrir. Tímasetning framkvæmdarinnar er óljós.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á gesti, verndargildi og náttúru svæðisins. Framkvæmdin mun fara fram í jaðri svæðisins á áður röskuðu svæði og ættu áhrif hennar að vera minniháttar sé farið eftir skilyrðum leyfis og vandað til við frágang að framkvæmdum loknum.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Landgræðslu ríkisins fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu safntanksins innan Dimmuborga sbr. lýsingu hér að ofan og skal framkvæmdin vera hafin innan árs frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.

- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu riski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### ***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
sviðsstjóri

Arna Hjörleifsdóttir  
sérfræðingur